

UPPFÆRSLA Á KJARASAMNINGI
milli
Samiðnar
og
Landsvirkjunar

1. gr.

Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Almenn launahækkun og kauptaxtar

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun og launataxtar almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 5% frá sömu dagsetningum.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 149.400

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verður orlofsuppbót kr. 149.400

Hagvaxtarauki

Með framangreindum hækkunum hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.

3. gr.


Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings eigi síðar en þriðjudaginn 28. mars 2023.




Reykjavík, 21. mars 2023

F.h. Samiðnar


Go Newman

F.h. Landsvirkjunar


Jonunn Pálmadóttir